

**Nd.**

**305. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

Heimilt er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum, með samþykki atvinnumálaráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu eftir þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

**2. gr.**

Í kaupstöðum ákveður bæjarstjórn um þegnskylduvinnu.

Í hreppsfélögum skal taka ákvörðun um þegnskylduvinnu á almennum hreppsfundi.

Til funda í bæjarstjórnnum og hreppsfunda um þegnskylduvinnu skal boða með hálfmánaðar fyrirvara, og þarf  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða til samþykktar.

Fundarsamþykkt um þegnskylduvinnu öðlast gildi, þegar ráðherra staðfestir hana.

3. gr.

Pegnskylduvinna nær til allra heimilisfastra, vinnufærra karlmannna á aldrinum 16—25 ára, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Enginn er þó pegnskyldur lengur en þrjú ár samtals. Pegnskylduvinna má vara allt að hálfum mánuði fyrir hvern einstakling árlega, og eigi lengur samtals en 6 vikur.

4. gr.

Nú hefur hreppsfélag eða kaupstaður gert samþykkt um pegnskylduvinnu og ráðherra staðfest samþykktina, og skal þá skipuð pegnskylduvinnunefnd.

Í hreppsfélögum kýs hreppsnefnd einn mann í pegnskylduvinnunefnd, skólanefnd annan, en ráðherra skipar formann.

Í kaupstöðum skipar ráðherra formann pegnskylduvinnunefndar, en bæjarstjórn kýs aðra nefndarmenn.

Heimilt er, með samþykki ráðherra, að fela skólanefndum störf pegnskylduvinnunefnda.

Pegnskylduvinnunefnd skal gera frumvarp til reglugerðar um tilhögun og framkvæmd pegnskylduvinnunnar, sem ráðherra staðfestir. Nefndin úrskurðar og um það, hverjir skuli inna af hendi pegnskylduvinnu á hverju ári. Undanþágur eða frestir skulu veittir, ef um veikindi eða aðrar gildar ástæður er að ræða. Pegnskylduvinnunefnd ræður kennara og verkstjóra við pegnskylduvinnu.

5. gr.

Í pegnskylduvinnu má vinna að hverju því verkefni, sem til framfara horfir eða almenningsheilla, svo sem hvers konar jarðrækt, vegagerð, skógrækt, sundlauga- og leikvallagerð, skólahúsbyggingum o. fl.

Pegnskylduvinnunefnd ákveður verkefnin og hefur umsjón með framkvæmdum í samráði við þær stjórnardeildir, sem ráðherra felur yfirumsjónina.

6. gr.

Pegnskylduvinnunefnd skal árlega gera áætlun um kostnað af framkvæmd pegnskylduvinnu. Skal áætlunin lögð fyrir hreppsnefnd eða bæjarstjórn til staðfestingar og síðan send ráðherra.

Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað af pegnskylduvinnu samkvæmt áætlun af því fé, sem árlega er veitt á fjárlögum í þeim tilgangi, en hreppssjóður eða bæjarsjóður hálfan kostnað og þann kostnað, er verða kann umfram áætlun.

Nú er útlit fyrir, að fjárveiting hrökkvi ekki fyrir eftirspurn eftir pegnskylduvinnustyrk, og skal þá ráðherra tilkynna svo fljótt sem auðið er um fjárhæð væntanlegs styrks.

7. gr.

Nú kemur pegnskyldur maður ekki til vinnu eftir fyrirlagi pegnskylduvinnunefndar, og sætir hann þá sektum, er nema tvöföldu dagkaupi við sams konar störf fyrir þau dagsverk, er tapast. Sektir renna í hreppssjóð.

G r e i n a r g e r ð.

Á síðasta Alþingi var gerð ályktun um að skora á ríkisstjórnina að undirbúa frumvarp um pegnskylduvinnu, sem síðar yrði borið undir þjóðaratkvæði. Landbúnaðarnefnd hefur borið frá forsætisráðherra frv. um heimild fyrir kaupstaði, kauptún, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningsþágu með pegnskylduvinnu. Frv. er hér birt sem fylgiskjal ásamt umsögn búnaðarþings. Þótti landbúnaðarnefnd fullskammt gengið í þessu frumvarpi, þar sem aðeins er miðað við jarðrækt, og þá eingöngu í kaupstöðum og þorpum. Hefur nefndin því gert nýtt frv., sem felur í sér aðalatriði þess frv., sem sent var nefndinni, en er þó viðtækara, svo

sem um verkefni við þegnskylduvinnu, og nær auk þess til sveitarfélaga. Fer frv. nefndarinnar um ýmsa hluti nær því, sem áður hefur verið hugsað um þegnskylduvinnu, og er þó ekki gert ráð fyrir neinni þvingun við hrepps- eða bæjarfélög. Telur nefndin líklegast, að þegnskylduvinna geti vaxið upp með þessum hætti neðan að, ef svo má segja, og er þá líklegt, að hún færist víðar um landið, ef vel gefst hjá brautryðjendum, þar til unnt væri að gera hana að föstum lið í uppeldiskerfi allrar þjóðarinnar.

Einstakir nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um frv. og ákvæði þess.

### Fylgiskjal.

#### **Frumvarp til laga**

um heimild fyrir kaupstaði, kauptún, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningþágu með þegnskylduvinnu.

##### **1. gr.**

Heimilt er bæjarstjórnnum kaupstaða og hreppsnefndum kauptúna, sjávar- og sveitaþorpum, með samþykki landbúnaðarráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu við jarðrækt í almenningþágu innan sinna umdæma, á þeim grundvelli, er lög þessi mæla fyrir.

##### **2. gr.**

Nú telur nokkur hluti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að nauðsyn beri til að koma á þegnskylduvinnu við jarðrækt, til þess að bæta atvinnuaðstöðu íbúanna, eða henni berast bréfflegar áskoranir um málið frá minnst  $\frac{1}{2}$  hluta verkfærra karlmanna innan umdæmisins, og er henni þá skylt að kveðja til almenns fundar alla heimilisfasta, verkfæra karlmenn á aldrinum 18—60 ára og leggja undir atkvæði þeirra tillögu um, að þegnskylduvinnu verði komið á í þessum tilgangi. Fundur um þegnskylduvinnu málið sé boðaður með tveggja vikna fyrirvara, og sé verkefni fundarins auglýst í fundarboði. Ef minnst  $\frac{2}{3}$  hlutar þeirra manna, er vinnuskyldir eru, greiða atkvæði með tillögu um þegnskylduvinnu innan þeirra takmarka, er lög þessi heimila, er samþykktin orðin bindandi, enda veiti landbúnaðarráðherra henni samþykki sitt.

##### **3. gr.**

Þegnskylduvinna samkvæmt lögum þessum skal ná til allra heimilisfastra, verkfærra karlmanna á staðnum á aldrinum 18—60 ára. Má hún vara allt að 6 daga árlega, og getur fundarsamþykkt um málið gilt allt að 5 ár í senn. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur leyft þeim, er þess æskja, að greiða skylduvinnudagsverkin með gildandi taxtakaupi á staðnum, og ber að sjálfsögðu að verja því til sameiginlegra ræktunarmála.

Um innheimtu þessara gjalda gilda sömu reglur og um útsvör, og er gjalddagi þeirra 1. desember ár hvert.

Heimilt er bæjarstjórn eða hreppsnefnd að veita einstökum mönnum undanþágu frá skylduvinnu, ef veikindi eða aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi. Eigi gildir slík undanþága nema eitt ár í senn.

##### **4. gr.**

Nú er þorp eða kauptún aðeins hluti af hreppi, og nær þá vinnuskyldan samkvæmt lögum þessum aðeins til þeirra verkfærra karlmanna, sem búsettir eru innan kauptúnins eða þorpsins, eða þess svæðis, sem ræktunin á að gagna.

##### **5. gr.**

Nú hefur kaupstaður, kauptún, sjávar- eða sveitaþorp gert samþykkt um skylduvinnu samkvæmt lögum þessum, og er þá skylt að hagnýta vinnuna til sameiginlegrar jarðræktar í almenningþágu. Á sama hátt skal varið styrk þeim af fram-

leiðslubótafé, er 6. gr. getur um. Jarðræktarframkvæmdir, sem unnið sé að, skulu einkum vera: Girðingar, framræsla, ræktunarvegir, jarðvinnsla og áburðargeymslur. Að loknum hinum sameiginlegu framkvæmdum, skal landinu skipt og það látið á erfðaleigu til íbúanna, sbr. þó 7. gr.

Um undirbúning ræktunarinnar og framkvæmd hennar, svo og um skiptingu landsins, skal í öllu farið eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

#### 6. gr.

Nú er þegnskylduvinna framkvæmd á grundvelli laga þessara, og er þá ríkissjóði skylt að greiða af framleiðslubótafé til hinna sameiginlegu ræktunarmála allt að ⅔ hluta á móti ⅔ hlutum þeirrar fjárhæðar, sem hin framlögðu þegnskylduvinnudagsverk reiknast með taxta kaupum viðkomandi staðar, svo og á móti fé því, er viðkomandi kaupstaðir, kaupsýning eða þorp afla á annan hátt og verja til sameiginlegra ræktunarmála, enda sé það eigi tekið að láni. Framlag ríkissjóðs af framleiðslubótafé í þessu skyni má þó eigi fara yfir 100 þúsund krónur á ári.

#### 7. gr.

Fé það, sem ríkið leggur fram samkvæmt 6. gr., svo og verðmæti þau, er þegnskylduframlögin skapa, skulu eigi metin sem gjaldstofn í matsfjárhæð þeirri, sem erfðaleigan reiknast af samkvæmt lögum nr. 101 23. júní 1936, V. kafla, 48. gr.

#### 8. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu annast um stjórn þeirra framkvæmda, er lög þessi gera ráð fyrir. Heimilt er þeim þó að fela þetta nefnd manna, er þær velja, eða félagi ræktunarmanna á staðnum, enda hafi þær eftirlit með framkvæmdunum og ábyrgð á þeim.

#### 9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### 10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 500 krónur, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarféð renni í hrepps- eða bæjarsjóð, og sé því varið til sameiginlegra ræktunarframkvæmda.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Umsögn búnaðarþings.

#### JARÐRÆKTARNEFND

Frumvarp til laga um heimild fyrir kaupstaði, kaupsýning, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningsþágu með þegnskylduvinnu

#### TILLAGA

Búnaðarþing mælir með því, að frumvarp til laga um heimild fyrir kaupstaði, kaupsýning, sjávar- og sveitaþorp til þess að láta vinna að jarðrækt í almenningsþágu með þegnskylduvinnu verði samþykkt á Alþingi, en leyfir sér að gera þá ábendingu, að það telur réttara, að heimildin nái einnig til hreppsfélaga í sveitum. Enn fremur leggur búnaðarþing til, að orðið þegnskylduvinna í nafni frumvarpsins breytist í skylduvinna, og breytist orðalag frumvarpsins eftir því.